

Öryggishandbók Árbæjarskóla

SKÓLAÁRIÐ 2024 – 2025

Öryggishandbókin er byggð á Vinnuvísum Vinnueftirlitsins.
Öryggishandbókina unnu
Guðrún Erna Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri og
Zoran Róbert Micovic umsjónarmaður fasteigna.

Áætlun um öryggi og hollustuhætti

Áætlun Árbæjarskóla, um öryggi og heilbrigði á starfsstaðnum, á að fyrirbyggja og draga úr áhættu á slysum, óhöppum, álagi, vanlíðan og heilsutjóni sem starfsfólk og nemendur geta orðið fyrir við störf sín.

Með skriflegri áætlun um öryggi og heilbrigði er kynnt sérstakt áhættumat sem unnið hefur verið af Öryggisnefnd Árbæjarskóla. Í skýrslunni má finna áætlun um öryggismál, heilsuvernd og forvarnir í samræmi við niðurstöður áhættumatsins og leiðir til úrbóta og eftirfylgni með þeim.

Með þessari áætlun, um öryggi og heilbrigði starfsmanna og nemenda í Árbæjarskóla, er leitast við að tryggja sem best vellíðan starfsmanna og nemenda og á leiðarljós hennar, vinnuverndarstarfið, að vera órjúfanlegur þáttur í starfsemi skólans. Áætlunin er yfirfarin reglulega af Öryggisnefnd skólans og farið jafnóðum í úrbætur þar sem þurfa þykir.

Öryggismál Árbæjarskóla eru í höndum öryggisvarðar og öryggistrúnaðarmanns. Öryggisvörður Árbæjarskóla er aðstoðarskólastjóri og öryggistrúnaðarmaður er umsjónarmaður fasteignar. Skipa þeir Öryggisnefnd ásamt fulltrúum kennara og starfsmanna. Öryggisnefndin tekur við athugasemdum sem tengist aðbúnaði, hollustu og öryggi nemenda og starfsmanna og leitar lausna á þeim málum sem fyrir nefndina koma.

Skólaárið 2024 – 2025 skipa eftirfarandi starfsmenn Öryggisnefnd skólans:

Guðrún Erna Þórhallsdóttir, aðstoðarskólastjóri unglíngastígs, öryggisvörður

Zoran Róbert Micovic, umsjónarmaður fasteignar, öryggistrúnaðarmaður

María Sigurðardóttir, fulltrúi kennara í 1. – 4. bekk

Ása Jónsdóttir, fulltrúi kennara í 5. – 7. bekk

Sveinbjörn Þórkelsson, fulltrúi kennara í 8. – 10. bekk

Steinunn Jónsdóttir, fulltrúi list- og verkgreinakennara

Ása Árnadóttir, fulltrúi almennra starfsmanna

Helstu verkefni Öryggisnefndar

- að gera áætlun fyrir skólaárið er varðar öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti í skólanum
- að halda utan um tölulegar upplýsingar um slysatíðni þar sem fram kemur hvenær slysið átti sér stað og hvers eðlis það var
- að taka við athugasemdum um úrbætur í öryggismálum og tryggja að þeim sé sinnt
- að tryggja að sjúkrakassar séu ávallt aðgengilegir starfsmönnum og uppfærðir reglulega af skólahjúkrunarfræðingi

Efnisþáttur	Athugasemdir/skýringar	Tímaáætlun ferla/úrþóta
<p>Vinnuverndarstarf - almennt</p> <p>Reglulegt vinnuverndarstarf fer fram í skólanum. Í skólanum starfar öryggisnefnd sem skipuð er skólastjórnanda, umsjónarmanni fasteignar og starfsmönnum skólans. Tveir fulltrúar hafa sótt námskeið fyrir öryggisnefndir en fimm eiga eftir að fara á námskeið.</p> <p>Áhættumat hefur verið unnið fyrir öll svæði í skólanum.</p> <p>Fulltrúi hefur komið frá eignaumsjón borgarinnar og farið yfir skólahúsnæðið í ljósi endurbóta sem ráðast þarf í á húsnæðinu.</p> <p>B-álma, gamla bókasafnið, rýminu breytt í þrjár kennslustofur og sameiginlegt rými.</p> <p>E-álma kjallari, smíðastofu breytt í tónmenntastofu þar sem Tónskóli Árbæjar mun m.a. hafa aðstöðu, auk tónmenntakennara.</p> <p>E-9, dansstofa, endurbætur vegna gruns um raka. Hafa aðilar á vegum SFS og fulltrúar þess unnið að þeim málum í samráði við skólastjórnendur.</p> <p>Endurbætur í íþróttahúsi, salur málaður, parkett þússað, flísalagður gangur við búningaaðstöðu o.fl. Einnig á að huga að loftræstingu.</p> <p>Endurnýjun á salernisaðstöðu starfsmanna við kaffistofu. Skipt um hreinlætistöki, salerni og vask. Málað og skipt um gólfefni auk þess sem salerni voru sett í þrjú lokuð rými í stað þriggja opinna.</p>	<p>Fimm nefndarfulltrúa vantar fræðslu.</p> <p>Aðgerðaáætlun skólans kynnt fulltrúa og viðhaldsverkefnum forgangsraðað. (Sjá fylgiskjal).</p> <p>Opnu rými skipt í fjögur smærri, sprinklerkerfi og loftræsting endurnýjuð.</p> <p>Smíðabekkir fjarlægðir ásamt tækniþúnaði til smíðakennslu. Kennslurýmið aðlagð að tónmenntakennslu.</p> <p>Grunur vaknaði um raka í útvegg á vormánuðum og var þegar brugðist við og farið í endurbætur á stofunni, útveggur lagaður, skipt um gólfdukk og málað.</p> <p>Kominn tími á endurbætur, gólfefni slitið og loftræstingu ábótavant.</p> <p>Kominn tími á endurbætur.</p> <p>Kominn tími á endurbætur.</p>	<p>Haust 2024/vor 2025</p> <p>Árlega</p> <p>Árlega</p> <p>Ágúst 2024</p> <p>Ágúst 2024</p> <p>Ágúst 2024</p> <p>Skólaárið 2024 – 2025 – Mörgu lokið sumarið 2024</p> <p>Ágúst 2024</p> <p>Maí 2024</p>

<p>A-álma, lokið við að skipta um gólfduka í kennslustofum og mála. Einnig voru tvö salerni inn af kennslustofum endurnýjuð.</p> <p>Endurnýja dúk á stigum í A-álm.</p> <p>Starfsfólk er hvatt til þess að stunda líkamsrækt og taka þátt í átaksverkefnum eins og göngum í skólann/hjólað í vinnuna. Reglulega minnt á heilsustyrki stéttarfélaganna og SFS.</p> <p>Frá og með haustinu 2024 verður starfsfólki boðið upp á almenna hreyfingu s.s. yoga, gönguferðir og slökun einu sinni í viku undir handleiðslu kennara í skólanum.</p> <p>Starfsmenn hvattir til að nýta sér samgöngusamning borgarinnar og taka þátt í heilsuefandi átaki, t.d. hjólað í vinnuna og heilsuleikum borgarinnar.</p> <p>Heilsurækt mikil í námi nemenda og má þar nefna sund, íþróttir, dans, jóga og slökun auk fjölbreyttra valgreina. Samstarf við Íþróttafélagið Fylki um aukna hreyfingu nemenda.</p> <p>Áhersla á hollt matarræði nemenda og starfsmanna. Hafragrautur í boði fyrir skóla, í morgunfrímínútum unglunga og í morgunkaffi starfsmanna.</p> <p>Nýr salatbar keyptur fyrir nemendur til að gera aðgengi þeirra að grænmeti betra auk þess sem þetta gefur tækifæri til að auka á fjölbreytni í framboði matar/ávaxta/grænmeti.</p> <p>Þjóðfundir á mið- og unglíngastiginu þar sem spurt er um aðbúnað, líðan, mat, skipulag skólastarfs, o.s.frv.</p> <p>Forvarnaráætlun fyrir nemendur skólans endurskoðuð. Regluleg fræðsla um vinnuvernd.</p>	<p>Kominn tími á endurbætur.</p> <p>Regluleg hreyfing allt skólaárið mikilvæg.</p> <p>Kennari við skólann mun annast kennsluna. Kennarar hvattir til að taka þátt.</p> <p>Heilsuefning kynnt við ráðningar, auk hlunninda samgöngusamningur.</p> <p>Áhersla á hreyfingu í námi nemenda og meiri geðrækt og slökun. Áhersla á áframhaldandi fjölbreytni valgreina.</p> <p>Regluleg umræða um matinn í skólanum. Niðurstöður í Skólalapsli rýndar og rætt formlega og óformlega við nemendur og starfsmenn. Næringarríkur og fjölbreyttur salatbar með öllum mat.</p> <p>Ósk frá nemendum sem fram kom í Skólalapsinum og meiri fjölbreytni í mat og betra aðgengi að salati og ávöxtum.</p> <p>Árgangamiðaðir fundir nokkrum sinnum yfir skólaárið – félagsmiðstöð og umsjónarkennarar.</p> <p>Skólastjórnendur, starfsmenn og nemendur meta þörfina og leggja línurnar. Rætt í skólaráði.</p>	<p>Skólaárið 2024 – 2025.</p> <p>Skólaárið 2024-2025</p> <p>Árlega</p> <p>Árlega</p> <p>Árlega</p> <p>Árlega</p> <p>Haust 2024.</p> <p>September – maí 2024-2025</p> <p>Árlega</p>
--	---	--

<p>Unnið með vinnuslys samkvæmt reglum og lögum.</p> <p>Námskeið fyrir starfsmenn um raddbeitingu og raddheilsu.</p> <p>Námskeið fyrir starfsmenn um rétta líkamsbeitingu og líkamsstöðu.</p> <p>Nokkur námskeið yfir veturinn þar sem fyrirlesarar frá KVAN kom með fræðslu til starfsmanna um liðsheild, sjálfsstyrkingu, leiðtogann, bekkjarstjórnun og agamál o.sfr. Endar námskeiðslotan með ferð starfsmanna til Calpe á Spáni í júní 2025.</p> <p>Brunaæfing fyrir starfsmenn og nemendur. Rýmingaráætlun virkjuð og æfð.</p> <p>Kennsla á slökkvitæki.</p> <p>Kynning á öryggisnefndinni, öryggisverði og öryggistrúnaðarmanni. Áhættumatið kynnt.</p>	<p>Skólastjórnendur, umsjónarmaður húsnæðis og skólahjúkrunarfræðingur funda reglulega og leggja línurnar og meta þarfir fyrir úrbætur ef einhverjar eru.</p> <p>Aðstoðarskólastjórar sjá um skipulagningu.</p> <p>Aðstoðarskólastjórar sjá um skipulagningu.</p> <p>Aðstoðarskólastjórar og deildarstjóri verkefna sjá um skipulagningu.</p> <p>Aðstoðarskólastjórar sjá um skipulagningu.</p> <p>Aðstoðarskólastjórar sjá um skipulagningu.</p> <p>Aðstoðarskólastjórar sjá um skipulagningu.</p>	<p>Árlega</p> <p>Skólaárið 2024 - 2025.</p> <p>Skólaárið 2024 - 2025.</p> <p>Allt skólaárið.</p> <p>Haustönn 2024.</p> <p>Haustönn 2024.</p> <p>Haustönn 2024.</p>
<p>Hollustuhættir <u>Vinnurými</u></p> <p>Fundarherbergi fyrir starfsmenn.</p> <p>Vinnurými nemenda rýnd og haldið áfram að endurnýja kennslustofur.</p>	<p>Regluleg endurskoðun á vinnuherbergjum og vinnuaðstöðu kennara.</p> <p>Unnið að endurbótum kennslurýma í kjallara E-álmu, gamla smíðastofan, íþróttahúsi, dansstofu og gamla bókasafninu.</p> <p>Húsgögn endurnýjuð og fjölbreytni aukin.</p> <p>Gamla bókasafninu í miðrými breytt í þrjú kennslurými og sameiginlegt rými (ÍSAT og almenn sérkennsla).</p>	<p>Árlega</p> <p>Skólaárið 2024 – 2025.</p>

<p>Nemendur og starfsmenn sjá um þrif utan dyra. Öllum árgöngum skólans er úthlutað ákveðnum vikum yfir skólaárið og fara þá út ásamt umsjónarkennara og týna rusl.</p> <p>Almennir starfsmenn, ásamt umsjónarmanni skólans, sinna þrifum á skólalóð eftir þörfum og hafa umsjón með útigarði skólans í miðryminu ásamt unglingavinnunni á sumrin.</p>	<p>Aðstoðarskólastjórar sjá um þrifaplanið fyrir nemendur í samráði við umsjónarmann fasteignar og umsjónarkennara</p> <p>Umsjónarmaður fasteigna heldur utan um þennan þátt.</p>	<p>Endurskoðað á hverju ári.</p> <p>Allt skólaárið</p>
<p>Hollustubættir</p> <p>Sorp</p> <p>Gott fráflæði sorps frá skólanum.</p> <p>Líkamlegt álag varðandi sorp þar sem þarf að fara langar leiðir með þunga vagna og stóra gáma</p> <p><u>Efni og efnaáhrif</u></p> <p>Varasöm og hættuleg efni eru ávallt geymd í læstum skápum.</p> <p><u>Lýsing</u></p> <p>Lýsing er góð í skólanum hvað varðar dagsbirtu. Raflýsingu er hins vegar víðsvegar um skólann ábótavant þar sem þörf er á að skipta út gömlum ljósum og flúorperum yfir í nýrri ljós og Led perur.</p> <p><u>Hávaði</u></p> <p>Nokkur hávaði getur orðið í matsal nemenda og eru þau mál í stöðugri athugun og skoðað hvernig má lágmarka hávaðann.</p> <p>Endurómun í Fylkishöll er mikil.</p>	<p>Umsjónarmaður fasteignar skoðar til hvaða ráða og aðgerða er hægt að grípa til að lágmarka þetta.</p> <p>Öll efni eru í læstum geymslum. Óskað eftir úttekt fagaðila á þessum þætti.</p> <p>Kallað eftir endurbótum fagaðila. Þegar er byrjað að endurnýja perur og ljós víðsvegar um skólann, samhliða öðrum framkvæmdum og verður áframhald á því. Óskað hefur verið eftir tímasettri áætlun vegna þessa liðar.</p> <p>Nemendum dreift betur á matmálstímum og notast bæði við matsal og opið rými.</p> <p>Salurinn er hólfaður niður.</p>	<p>Skólaárið 2024 - 2025</p> <p>Skólaárið 2024 - 2025</p> <p>Skólaárið 2024 - 2025</p> <p>Allt skólaárið</p> <p>Allt skólaárið</p> <p>Haust 2024</p>

<p>Hávaði í innilaug Árbæjarskóla.</p>	<p>Kallað eftir álit og ráðleggingum fagaðila.</p>	
<p>Hollustuhættir Verkstöður – líkamlegt álag Leitast er við að einstaklingsmiða eins og hægt er: skrifborð, stóla, skjávinnu ofl. Allir kennarar eru með fartölvur og geta því betur valið þá vinnuaðstöðu sem hentar þeim best.</p> <p>Léttitæki eru til staðar til að bera léttu hluti milli staða s.s. hjólaborð.</p> <p>Vinnuaðstaða við kennslu.</p>	<p>Fyrirhugaður fyrirlestur um rétta líkamsbeitingu fyrir starfsfólk skólans sbr. hér að ofan í umfjöllun um vinnuverndarstarf almennt.</p> <p>Í ágætum farvegi og einstaklingsmiðun eftir því sem þurfa þykir.</p>	<p>Allt skólaárið</p>
<p>Félagslegur og andlegur aðbúnaður</p> <p>Árlega er lögð fyrir könnun á vegum Reykjavíkurborgar sem ber yfirskriftina „Stofnun ársins“ Niðurstöður liggja fyrir fyrir síðasta skólaár 2023 -2024 og eru þær hafðar hér til grundvallar. Eftirfarandi einkunnaskali er notaður til viðmiðunar þegar niðurstöður stofnana eru skoðaðar.</p> <div data-bbox="199 1075 590 1406" style="border: 1px solid black; background-color: #f8d7da; padding: 10px; margin: 10px 0;"> <p>Einkunnir þýða eftirfarandi:</p> <p>4,5-5,0 Mjög góð einkunn</p> <p>3,5-4,4 Frekar góð einkunn</p> <p>2,5-3,4 Hvorki góð né slæm einkunn</p> <p>1,5-2,4 Frekar slæm einkunn</p> <p>1,0-1,4 Mjög slæm einkunn</p> </div> <p>Starfsmenn eru almennt ánægðir með stjórnun skólans og er einkunn fyrir þennan þátt er 4,23.</p> <p>Starfmenn eru einnig almennt ánægðir með starfsandann í skólanum (4,30) og merkja má hækkun á þættinum „afslappað og óþvingað andrúmsloft“ (4,24).</p> <p>Ánægja er með tölvu- og tækjabúnað (4,18) og matar- og kaffiaðstöðu (4,16) og þá eru starfsmenn ánægðir með öryggi sitt á vinnustaðnum (4,13).</p> <p>Þáttur könnunarinnar sem lítur að „Sjálfstæði í starfi“ og ímynd vinnustaðarins skora báðir yfir 4 í einkunn.</p> <p>Starfsfólk upplifir nokkuð sjálfstæði í starfi (4,09) og nokkurn sveigjanleika í vinnu (4,01)</p>	<p>Árlega könnun borgarinnar „Stofnun ársins“.</p> <p>Stjórnendur ákveða viðbrögð við niðurstöðum í samráði við þróunarhóp og matsteymi en báðir þessir hópar eru skipaður kennurum.</p>	<p>Unnið með niðurstöðurnar allt skólaárið.</p>

<p>Pá er upplýsingagjöf frá vinnustaðnum (3,97) að mati starfsmanna nokkuð góð.</p> <p><u>Vinnutími:</u> Niðurstöður benda til ánægju starfsmanna með þann sveigjanleika sem þeir hafa í starfi (4,01). Þeir þættir sem skora hæst undir þessum lið eru m.a. að starfsmenn „geta farið úr vinnu með litlum fyrirvara til að sinna erindum í einkalífinu“ (4,27), starfsmenn „eiga auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf“ (4,21) og eru „ánægðir með þann sveigjanleika sem þeir hafa í vinnunni“ (4,16).</p> <p><u>Endur- og símenntun:</u> Skipulögð endurmenntunaráætlun er til staðar í stofnuninni og kallað er eftir hugmyndum og tillögum frá starfsfólki þar um. Fastir fundir eru haldnir á skólaárinu þar sem starfsfólk miðlar þekkingu sín á milli. Sá þáttur sem skorar hæst varðandi starfsþróun og símenntun er „Hversu vel eða illa nýttist þér sú þjálfun og fræðsla sem þú fékkst“ (4,17) en aðrir þættir skoruðu undir 4.</p> <p><u>Vandamál og erfiðir nemendur:</u> Niðurstöður frá Íslenskum æskulýðsrannsóknnum og verða þær færar inn um leið og þær berast ásamt viðbrögðum við þeim.</p> <p>Árlega er boðið upp á inflúensuspauptur.</p>	<p>Stjórnendur meðvitaðir um mikilvægi sveigjanleika og rætt reglulega við starfsmenn um vinnuálag og hvernig bregðast má við því.</p> <p>Lagðar verða spurningar fyrir starfsfólk á starfsdegi um hvernig símenntun þeir vildu til að dýpka þekkingu sína og þá hvenær. Skólastjórnendur eru ábyrgir fyrir endur- og símenntun starfsmanna og sjá til þess að hún sé í takt við áhugasvið starfsmanna, stefnu skólans og þarfir starfseminnar hverju sinni</p> <p>Íslenskar æskulýðsrannsóknir, árlegar niðurstöður.</p> <p>Kynningar á starfsdögum að hausti á skólareglum, ferlum og viðurlögum vegna slæmrar hegðunar. Sífelld endurskoðun á stoðþjónustu við nemendur.</p> <p>Stjórnendur í samstarfi við skrifstofustjóra bóka Heilsuvernd sem sendir starfsmann sinn í skólann til að bólusetja þá starfsmenn sem eftir því óska.</p>	<p>Haust 2024</p> <p>Haust 2024 (nóv.)</p>
<p><u>Erfiðir nemendur</u></p> <p>Í skólanum eru skýrir verkferlar um framgang agamála og annarra þeirra mála sem geta haft áhrif á skólagöngu nemenda. Öflugt stoðþjónusta er í skólanum og má þar m.a. nefna sérstakt námsver með áherslu á sértæka námsaðstoð og atferlisþjálfun. Þá eru þrír þroskaþjálfar starfandi við</p>	<p>Nemendaverndarráðsfundir eru haldnir vikulega þar sem skólastjórnendur, námsráðgjafar, skólahjúkrunarfræðingur og</p>	<p>Allt skólaárið</p>

<p>skólann, fjöldi stuðningsfulltrúa og tveir námsráðgjafar. Skólahjúkrunarfræðingur hefur aðsetur í skólanum og kemur hann frá Heilsugæslu Árbæjar.</p> <p>Stuðningsfulltrúar í öllum árgöngum. Vinna með einstaka nemendur og nemendahópa, allt eftir þörfum hverju sinni.</p>	<p>skólasálfræðingur eiga fundarsetu.</p> <p>Skýrir verkferlar í hinum ýmsu málum er varða nemendur hvort sem viðkemur hegðun eða skólasókn.</p> <p>Skýr hegðunarviðmið.</p> <p>Reglulegir fundir með einstaka árgöngum og skólastigum.</p> <p>Áhersla á góð og gagnvirk samskipti heimilis og skóla.</p>	
<p>Umferð, aðgengi og skólalóð</p> <p>Aðkoma gangandi vegfarenda er góð að skólanum, 9 inngangar, en bæta má hitalagnir við innganga.</p> <p>Aðkoma barna að skóla – og öryggi á leið til og frá skóla.</p> <p>Vöruaðkomu fyrir skrifstofu og húsvörslu má bæta</p> <p>Skólalóð.</p>	<p>Kallað eftir úrbótum viðeigandi aðila.</p> <p>Mikil umferð um Rofabæ á hverjum morgni.</p> <p>Samstarf við lögregluna í aðdraganda skólabyrjunar á haustin og aftur á vorin þegar aukning verður í hjólanotkun nemenda.</p> <p>Tölvupóstur sendur til foreldra þar sem rætt er um umferðaröryggi og öruggar gönguleiðir í skólann.</p> <p>Örugg en umsjónarmaður fasteignar kallar reglulega eftir úttekt á henni af þar til bærum aðilum.</p> <p>Umsjónarmaður skólans hefur umsjón með skólalóðinni og kallar eftir endurbótum þegar þurfa þykir.</p>	<p>Skólaárið 2024-2025</p> <p>Alltaf í skoðun en úrbætur ekki í sjónmáli þar sem skólinn stendur við eina aðal umferðaræð hverfisins.</p> <p>Reglulega kallað eftir úrbótum.</p> <p>Reglulega allt skólaárið.</p>
<p>Áætlanir og öryggisbúnaður</p> <p>Neyðaráætlanir skólans.</p> <p>Brunaæfingar – áætlun.</p>	<p>Uppfærðar árlega.</p> <p>Brunaæfingar haldnar reglulega</p>	

<p>Rýmisáætlun.</p>	<p>Stór brunaæfing haldin með aðkomu slökkviliðs reglulega.</p> <p>Uppfærð reglulega yfir skólaárið þar sem oft verða breytingar á starfsmannahaldi. Breytingar ávallt kynntar fyrir starfsfólki. Stór kynning að hausti og breytingar sem verða yfir skólaárið kynntar í vikupósti og tölvupósti.</p>	<p>Haust 2024</p> <p>Allt skólaárið.</p>
<p>Skyndihjálparbúnaður</p> <p>Öryggismappa vegna nemenda/starfsfólks með sjúkdóma sem bregðast þarf sérstaklega við eins og bráðaofnæmis, hjartakvilla, sykursýki o.s.frv.</p>	<p>Sjúkrakassar yfirfarnir reglulega af skólahjúkrunarfræðingi.</p> <p>Sjúkrakassar í íþróttahúsum, eldhúsi og í stjórnunarálmum.</p> <p>Plástrar á skrifstofu skólans og hjá kennurum í kennslustofum.</p> <p>Sjúkragögn má einnig finna hjá skólahjúkrunarfræðingi.</p> <p>Uppfærð reglulega af skólahjúkrunarfræðingi og er aðgengileg starfsmönnum í starfsmannaálmum.</p> <p>Skólahjúkrunarfræðingur er með upplýsingafund fyrir alla starfsmenn í upphafi skólaárs þar sem farið er yfir möppuna og til hvaða viðeigandi aðgerða þarf að grípa ef upp koma neyðartilvik.</p> <p>Starfsmönnum sendur tölvupóstur ef nýjar upplýsingar koma í öryggismöppuna.</p>	<p>Ágúst 2024 og reglulega yfir skólaárið.</p> <p>Ágúst 2024 og reglulega yfir skólaárið.</p>

- að tryggja að bráðamappa sé ávallt aðgengileg starfsmönnum og uppfærð reglulega af skólahjúkrunarfræðingi
- að slökkvitæki séu fyrir hendi og þau aðgengileg og rétt merkt
- að tryggja að fræðsla og verklegar æfingar í brunavörnum séu reglulega haldnar
- að tryggja að brunaæfingar þar sem rýming húsnæðis fer fram sé haldin reglulega
- að tryggja að fræðsla um vellíðan, hollustuhætti og forvarnir sé haldin reglulega

- að tryggja að farið sé eftir opinberum lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum

Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu skólans og er hluti af starfsáætlun hans.

Kaflaheitin í áætluninni taka mið af gátlista um VINNUMHVERFISVÍSI SKÓLA .

Árbæjarskóla, 01.09.2024

fh Öryggisnefndar Árbæjarskóla

Guðrún Erna Þórhallsdóttir